

MINNISBLAÐ

Reykjavík 14. maí 2019

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna þann 12. apríl 2019 var samþykkt að fá samantekt að mögulegum mótvægisáðgerðum þeirra atriða sem koma fram í skýrslunni um grænt bókhald Faxaflóahafna 2018 og áðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Í skýrslunni um grænt bókhald Faxaflóahafna fyrir árið 2018 var í fyrsta skipti birt losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt hinni alþjóðlega viðurkenndu aðferðafræði GHG Protocol.

Gengu Faxaflóahafnir nú lengra en fyrri ár við að greina losun beinna og óbeinna gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni.

Aðferðafræðin skiptir losun í þrjú umfang.

- Umfang 1: Bein losun frá starfsemi fyrirtækisins, s.s. vegna bruna eldsneytis
- Umfang 2: Óbein losun vegna framleiðslu á rafmagni og heitu vatni.
- Umfang 3: Óbein losun annarstaðar í virðiskeðjunni vegna starfsemi Faxaflóahafna.

Umfang 1 tekur stærstan hlut, eða tæp 660 tonn koldíoxíð ígildi, tCO_{2e}

Umfang 2 telur hlutfallslega lítið eða 4 tCO_{2e}

Umfang 3 telur mikið, eða tæplega 228 tCO_{2e}

Umfang 3 skiptist í um 7 tCO_{2e} vegna úrgangs, 13 tCO_{2e} vegna flugferða og 54 tCO_{2e} vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og síðast en ekki síst 153 tCO_{2e} vegna framleiðslu þess eldsneytis sem notað var.

Heildarlosunin var því 889,3 tCO_{2e} og þar af 818,7 tCO_{2e} vegna notkunar eldsneytis eða 92%.

Bruni eldsneytis er því þungamiðja losunar gróðurhúsalofttegunda hjá Faxaflóahöfnum.

- Dráttarbátar Faxaflóahafna nota í dag tæp 84% þess eldsneytis sem notað er.
- Lituð díselolía á vinnuvélar 2%
- Díselolía á bifreiðar 12%
- Bensín á bifreiðar er 2%

Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Á árinu 2018 var unnið í að koma upp eldsneytiseyðslumælum í stjórnrymum dráttarbátanna. Mælarnir upplýsa skipstjóra um eyðsluna á hverjum tíma og hversu mikið eldsneyti er notað í hverri ferð. Vonir eru bundnar við að notkun mælanna muni hjálpa við að draga úr eldsneytisnotkun bátanna.

Öryggissjónarmið knýja hins vegar á um notkun stærri og aflmeiri báta eftir því sem umferð stærri skipa eykst. Það virðist því verða okkur erfitt að draga úr heildarlosun frá notkun dráttarbátanna samhliða fjölgun stærri skipa. Nýir orkugjafar fyrir öflugra dráttarbáta virðast ekki enn vera orðnir raunhæfir.

Í dag eru alls 22 bifreiðar í rekstri hjá Faxaflóahöfnum. Þar af eru þrjár rafknúnar, ein tvíorku með hleðslugeymi og önnur tvíorku án hleðslugeymis. Bifreiðunum var ekið um 330.000 km á árinu 2018 sem er svipað og undanfarin ár. Losun frá bifreiðum hefur einnig farið minnkandi. Reynt hefur verið að kaupa rafbíla eftir því sem hægt er en fram að þessu hefur ekki verið í boði að kaupa stærri atvinnubíla eða vinnuvélar knúnar með óhefðbundnum orkugjöfum.

Starfsfólki hefur staðið til boða samgöngusamningar. Slíkir samningar stuðla að vistvænum samgöngum og draga úr losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu. Nú eru í gildi 10 slíkir samningar sem samsvarar 15% starfsfólks. Einnig hefur verið boðið upp á aðgang að hleðslustöðvum á starfstöðvum fyrirtækisins fyrir bifreiðar í eigu starfsfólks. Til dæmis er verið að undirbúa fjölgun þeirra tenginga í Bækistöð.

Mögulegar mótvægisáðgerðir

Binding kolefnis á vegum Faxaflóahafna nam 790,6 tCO₂e á árinu 2018. Þar af voru 348 tCO₂e bundin með endurheimt Katanestjarnar og 442,6 tCO₂e bundin í skógi í landi Klafastaða á Grundartanga. Nettó losun Faxaflóahafna, sé litið á losun gróðurhúsalofttegunda í allri virðiskeðjunni nam því 98,7 tCO₂e.

Í september 2017 var undirritaður samstarfsamningur við Skógræktina um skógrækt í landi Faxaflóahafna á Klafastöðum og í framhaldinu í landi Skógræktarinnar á Vesturlandi. Miðað var við að árlega yrði ræktaðu skógur á allt að 3 hekturum lands. Alls var plantað í 1,5 ha lands 2018 og batt sá skógur alls 11 tCO₂e. Verði árleg losun ekki aukin mun að óbreyttu þurfa að planta skógi í 14 ha lands til að jöfnuði verði náð. Tekið skal fram að útreikningar Skógræktarinnar á kolefnisbindingu miðar við áætlaðan vöxt hvers árs þ.a. nýplantaður skógur bindur tiltölulega lítið fyrstu árin enda er núverandi kolefnisbinding að langmestu leyti í eldri skógi á Grundartanga. Lagt er til að flýta þessum áformum og auka árlega útplöntun þ.a. jöfnuði verði náð fyrr en ella.

Styrking landtenginga skipa

Stærsta mögulega framlag Faxaflóahafna til loftlagsmála hlýtur þó að verða styrking landtenginga skipa viðskiptavina hafnanna. Núverandi kerfi miðast við þarfir fiskiskipa og minni farþegabáta. Landtengingar kaupskipa og rannsóknarskipa hljóta að vera næsta verkefni. Verið er að vinna að hagkvæmniathugun á landtengingum gámaflutningaskipa í Sundahöfn. Í framhaldi af henni verður unnið að gerð aðgerðaráætlunar um styrkingu landtengingakerfisins.

Helgi Laxdal